



Leiðbeiningar fyrir ECVET, evrópskt einingakerfi fyrir starfsmenntun

(European Credit System for Vocational Education and Training)



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Náms og þjálfunarlendis	4
3. Náms og þjálfun í öðru landi - verkefni samstarfsaðila	5
4. Samstarfið	6
5. Hæfniviðmið	8
6. Mat til eininga	9
7. Europass starfsmenntavegabréf	9

1. Inngangur

Markmið þessa bæklinga er að kynna og útskýra ECVET (European Credit System for Vocational Education and Training) sem er evrópskt einingarkerfi fyrir starfsmenntun. ECVET er byggt á markmiðum Evrópusambandsins um að Evrópa verði svæði þar sem auðvelt er að fara á milli landa og nýta á hverjum stað þá reynslu og þekkingu sem fólk hefur aflað sér í öðru landi. Hér á eftir fylgja leiðbeiningar um hvernig skólar, vinnustaðir sem taka nema í starfsþjálfun og aðrir sem tengjast starfsnámi á Íslandi geta nýtt sér ECVET. Í ECVET eru notaðar námseiningar (credits) og er kerfið að mörgu leiti sambærilegt við evrópsku háskólaeiningarnar ECTS.

ECVET er ætlað að **auðvelda nemendum** í starfsnámi á framhaldsskólastigi að afla sér náms og starfsþjálfunar í öðru landi en heimalandi sínu sem metið er til eininga þegar heim er komið. ECVET aðferðafræðina er einnig hægt að nota til að meta nám og starfsþjálfun sem stunduð er erlendis sem valfag í heimalandinu.

ECVET er ætlað að styðja við **samskipti og menntasamstarf** milli Evrópulanda og er kerfið mjög gagnlegt við skipulagningu og framkvæmd evrópskra verkefna eins og t.d. Erasmus+ verkefna þar sem nemendur fá styrk til að stunda nám og þjálfun í öðru landi.

Með ECVET fæst **staðfesting á þeirri hæfni** sem nemandinn aflar sér meðan á dvölinni stendur. Vægi lærdómsferilsins er metið út frá einingum starfsmenntunar í heimalandinu og er samið um það fyrirfram hversu margar einingar hann getur fengið metnar og þá hvernig.

Þau verkefni sem vinna þarf að í tengslum við ECVET eru eftirfarandi:

- Útbúa og fylla út viljayfirlýsingu um þátttöku og samstarf (e. Memorandum of Understanding)
- allir aðilar sem taka þátt í verkefninu, hvort heldur eru

skólar eða vinnustaðir þurfa að skilgreina sitt hlutverk og skrifa undir skjalið

- Útbúa námssamning milli skólans sem sendir nemandann og skólans/vinnustaðarins sem tekur á móti honum (e. Learning Agreement).
- Búa til lýsingu á hæfniviðmiðum (e. Learning Outcome), þ.e. hvaða hæfni er ætlast til að nemandinn öðlist meðan á dvölinni stendur.
- Gera grein fyrir mati á hæfniviðmiðum (námsþáttum), þ.e. hvernig á að meta hvort nemandinn hefur náð að afla sér þeirrar hæfni sem miðað var við í námssamningi.
- Gera grein fyrir einingayfirlærslu eða viðurkenningu á því hvað nemandinn fær margar einingar metnar þegar hann kemur heim aftur og þá í hvaða fögum.
- Fylla út staðfestingu á því að námsdvöl hafi átt sér stað, t.d. með útgáfu Europass starfsmenntavegabréfs.

Allir samstarfsaðilar sameinast um að framfylgja þeim samningum sem gerðir hafa verið um námsdvöl sem metin er með ECVET einingum.

ECVET er notað:

- til að auðvelda nemanda í starfsnámi að ljúka einum eða fleiri námsþáttum í öðru landi
- til að meta einn eða fleiri námsþætti sem eru sambærilegir erlendis og í heimalandinu
- í tengslum við þátttöku erlendra nemenda í starfsnámi eða starfsþjálfun á Íslandi
- til að auðvelda yfirlærslu eininga milli landa samkvæmt þeim hæfniviðmiðum sem hafa verið gefin út í heimalöndum nemenda.

2. Nám og þjálfun hérlandis og erlendis

Skólar og fyrirtæki geta notað ECVET einingakerfið við eftirfarandi aðstæður:

2.1. Íslenskur nemandi erlendis

Íslenskur nemandi getur óskað eftir að fá að taka starfsnám eða hluta af því erlendis. Möguleiki er á að taka hluta starfsnáms í skóla og/eða á vinnustað.

Hér á landi er það sá skóli sem nemandi er skráður í sem þarf að útbúa viljayfirlýsingu ([sjá 4.1.](#)) og námssamning ([sjá 4.2.](#)) í samvinnu við móttökuskóla eða vinnustað. Í þessum skjölum þarf að koma fram fjöldi eininga sem námsdvölin á að gefa nemanda að samningstímanum loknum.

Aðrir aðilar en skólar geta séð um skipulag náms- og þjálfunarferða. Hér á landi hafa t.d. lðan fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins skipulagt dvöl fyrir nema í löggiltum iðngreinum.

Nemandi fer eftir þeim atriðum sem samið hefur verið um í námssamningnum meðan á dvölinni stendur. Móttökuskóli eða vinnustaður metur hæfni nemanda eins og um hefur verið samið samkvæmt námssamningi.

Sá skóli eða stofnun sem sendir nemandann af stað upplýsir hann fyrirfram um einingafjölda starfsnáms/starfsþjálfunar eða

ef meta á dvölinna sem valáfanga. Þetta er gert út frá mati á hæfni við lok dvalarinnar. [Í kafla 5](#) má finna dæmi um hvernig fylla megi út hæfniviðmið.

2.2. Erlendir nemendur á Íslandi

Erlendir nemendur sem þess óska geta tekið hluta af starfsnámi sínu á Íslandi. Þeir geta valið um að taka hluta af náminu í skóla eða á vinnustað.

Móttökuskóli eða vinnustaður tekur í samvinnu við erlenda skólann eða vinnustaðinn þátt í að útbúa viljayfirlýsingu og námssamning.

Íslenski skólinn eða vinnustaðurinn metur hæfni nemandans eins og henni er lýst í námssamningnum. Komi nemandinn frá landi þar sem notaðar eru einingar til að lýsa hæfniviðmiðum ber íslenska móttökuaðilanum einnig að gefa nemandanum einingar fyrir þátttöku sína. [Í kafla 5](#) eru gefin upp viðmið svo auðveldara sé að átta sig á hvernig einingar eru gefnar og fyrirkomulagi þeirra.

Erlendi skólinn / vinnustaðurinn metur einingar eða veitir samþættingu staðfestingu á hæfniviðmiðum.

ECVET byggir á eftirfarandi hugtökum:

Hæfniviðmiðum (Learning outcomes) sem er sú þekking, hæfni og færni sem nemandi aflar sér með náminu.

Námsþáttum (Units of learning outcome) sem er undirstaða hvernar gráðu. Hvern þátt er hægt að meta, staðfesta og viðurkenna.

ECVET einingum sem innihaldið geta frekari upplýsingar um einingar og gráður.

Námseiningum (Credits) sem gefnar eru fyrir það nám sem lokið er og sýna fram á hæfni

nemandans. Einingarnar er hægt að nota í öðru námi og nemandi safnar þeim til þess að fá starfsréttindi. Slík starfsréttindi byggja á starfsmenntakerfi sem stutt er af lögum og reglum viðkomandi lands.

Gagnkvæmu trausti allra þeirra sem taka þátt. Það byggir á viljayfirlýsingu (Memorandum of Understanding) og samkomulagi um þjálfunina, þ.e. námssamningi (Learning Agreements) sem gerður er fyrir hvern nema.

3. Nám og þjálfun í öðru landi – verkefni samstarfsaðila

Verkefnum sem þarf að leysa í tengslum við náms- og þjálfunarferðir í öðru landi má skipta í þrjú stig: **Það sem þarf að gera á undan dvöl, meðan á henni stendur og eftir að henni er lokið.** Þetta á bæði við þegar Íslenskur nemandi fer til annars lands og tekur hluta af starfsnámi sínu þar og þegar erlendur námsmaður kemur til Íslands til að taka hluta af starfsnámi sínu hér.

3.1 Undirbúningur; hvað þarf að gera áður en nemi fer til náms eða þjálfunar til annars lands?

Gerður er námssamningur út frá þeim forsendum sem gefnar hafa verið með formlegri viljayfirlýsingu milli erlendu og íslensku samstarfsaðilanna. Viljayfirlýsingin tryggir að nemandi þurfi ekki að endurtaka samskonar námsþætti eftir að heim er komið og að námið verði ekki metið tvisvar. Þess vegna er mikilvægt að viljayfirlýsingin greini skýrt og skilmerkilega frá því sem nemandinn á að vinna við og hvað ætlast er til að hann læri í dvöl sinni erlendis. [Finna má dæmi um slíka viljayfirlýsingu hér](#), þar sem einnig er að finna eyðublað sem hægt er að nota við að útbúa hana.

Á þessu stigi er einnig mikilvægt að gera nemanda og móttökuaðila ljóst hvernig eigi að skrá ávinning af dvölinni. Á að gefa einkunn? Staðið/ekki staðið, lokið/ólokið. Á að veita umsögn? Ef allir samstarfsaðilar eru vinnustaðir og þjálfunin fer fram á vinnustað er hægt að notast við leiðarbækur, námsferilbækur, myndir eða annað þess háttar. Í samningnum þarf að leggja áherslu á að móttökuaðili veiti ítarlegar upplýsingar og skrái þær þannig að heimaskólinn geti viðurkennt það nám sem fram hefur farið. Mikilvægt er að útbúa sérstaka staðfestingu á því sem báðir aðilar samþykkja. Ef samþykkt hefur verið að nota Europass starfsmenntavegabréf (Europass Mobility) sér heimalandið um að fylla út sinn hluta en móttökuaðili og nemandi þurfa að skrifa undir líka. Sjá umfjöllun um starfsmenntavegabréf [í kafla 7](#) og [dæmi um slíkt hér](#). Textann má einnig setja inn í námssamninginn og yfirfæra á starfsmenntavegabréfið. Hægt er að laga og endurbæta textann ef breytingar verða á hæfniviðmiðum frá upphaflegu samkomulagi.

3.2 Meðan á námi eða þjálfun stendur

Meðan á dvölinni stendur er mælt með því að fulltrúi þess sem sendir nemanda, fulltrúi móttökuskóla eða fyrirtækis og nemandinn hafi regluleg samskipti sín á milli. Þetta er gert til að tryggja að nemandanum líði vel og að þjálfunin gangi

eins og áætlað var. Tryggja þarf að nemandinn geti haft samband við einhvern sem getur aðstoðað hann ef upp koma vandamál. Þetta getur annað hvort verið aðili í móttökulandi eða heimalandi.

Fulltrúi móttökuaðila gætir þess að staðið sé við umsamin atriði og sér um mat við lok dvalar. Hann þarf einnig að útbúa staðfestingu á því sem nemandinn hefur lært og gefa einkunn í samræmi við það sem um var samið. [Sjá kafla 5 um hæfniviðmið.](#)

Það þarf að vera skýrt hvað eigi að meta og hvernig (að hvaða leyti nemandi hafi náð settu marki) til að auðvelda mat á ávinningi dvalarinnar sem hluta af námsferli nemandans.

3.3 Eftir að námi eða þjálfun erlendis lýkur

Eftir heimkomu er það í höndum hins íslenska aðila að viðurkenna og skrá námsframvindu nemanda erlendis. Ef um starfsþjálfun er að ræða, þarf að vera tryggt að hún sé jafngild starfsþjálfun í heimalandinu. Ef um námsferð frá skóla er að ræða, geta hæfniviðmið verið hluti af því námi sem nemandinn er skráður í. Það er svo skólans í heimalandinu að meta og yfirfæra það nám sem nemandinn hefur stundað erlendis.

Upp geta komið tilfelli þar sem nemandi hefur með starfsþjálfun uppfyllt ákveðin hæfniviðmið sem hægt er að meta inn í áfanga í náminu (bóknámi). Í þeim tilfellum er það í samræmi við reglur um raunfærnimat þar sem hægt er að meta áfanga í starfi til jafns við hæfni sem fengin er í námi.

Nám og þjálfun erlendis geta falið í sér atriði sem ekki eru kennd í heimalandi viðkomandi og þá er hægt að meta lærdóminn sem valáfanga eða aukafag.

Skólinn getur einnig fyllt út staðfestingu á þeim hæfniviðmiðum sem viðkomandi lauk erlendis. Í öllum tilfellum getur skólinn fyllt út sérstaka staðfestingu á námi og þjálfun í öðru landi svo nemandinn geti á auðveldan hátt sýnt fram á reynslu sína þegar hann sækir um frekara nám eða vinnu. Staðfestingin getur einnig sýnt ýmislegt sem ekki er hægt að meta til eininga eins og t.d. að viðkomandi geti bjargað sér við ókunnar og nýjar aðstæður.

4. Samstarfið

ECVET ferlið hefst á því að stofnað er til samstarfs a.m.k. tveggja aðila í tveim löndum. Aðilar geta verið fleiri ef það hentar. Samstarfsaðilar geta verið skólar, fyrirtæki eða stofnanir sem koma að starfsnámi með einum eða öðrum hætti. Aðalatriðið í sambandi við ECVET samstarf er að byggja upp gagnkvæmt traust milli aðila, þannig að kennsla og mat sem eru framkvæmd af öðrum aðilanum verði ekki endurtekin af hinum. Því er mikilvægt að tryggja að það mat sem fram fer að dvöl lokinni verði viðurkennt í heimalandinu.

Við myndun samstarfs þarf að:

1. [Fylla út viljayfirlýsingu \(memorandum of understanding\)](#)
2. [Útbúa hæfniviðmið \(learning outcome\)](#)
3. [Fylla út námssamning \(learning agreement\)](#)

Viljayfirlýsing er almennur samstarfssamningur, sem gildir meðan á samstarfi stendur eða þar til skilmálar hafa breyst þannig að rifta þurfi samningnum. Námssamningur er samningur um ákveðna þjálfun nemenda og gerður er nýr samningur fyrir hverja ferð sem farin er. Hæfniviðmið er lýsing á lærdómsþáttum sem eru viðmið til grundvallar hverri ferð fyrir sig.

4.1. Viljayfirlýsing

Viljayfirlýsing er samningur milli þeirra aðila sem taka þátt í samstarfinu og myndar ramma um samstarfið. Þar eru skráðar meginreglur um mat, yfirfærslu og upplýsingar um árangur lærdóms nemandans erlendis. Viljayfirlýsingin hefur ekki lagagildi en leggur áherslu á gagnkvæmt traust sem hefur úrslitaáhrif þegar kemur að því að viðurkenna nám nemanda að dvöl erlendis lokinni.

Í viljayfirlýsingunni er hægt að tilgreina nákvæmlega hvernig samstarfsaðilarnir hafa ákveðið að vinna saman til að gagnkvæmt traust náist, t.d. með:

- Viðurkenningu á kennslu eða starfsþjálfun í hvoru landi fyrir sig
- Samningi um mat á afrakstri náms
- Notkun og viðurkenningu á einkunnum nemenda í heimalandi, annað hvort sem einkunn fyrir hluta af skyldunámi eða sem val- eða aukafag
- Tryggingu á gæðum

Ef samningsaðilar eru sammála um fleiri atriði sem skipta máli fyrir myndun samstarfs þá er tilvalið að setja þau inn í viljayfirlýsinguna.

Viljayfirlýsing getur einnig falið í sér samkomulag um hagnýt mál eins og:

- *Í hvaða greinum eða námsbrautum geta nemar tekið þátt?*
- *Hvaða þætti í námsframboði annars aðila mætti bjóða hinum aðilanum að taka?*
- *Hvaða aukafög gæti annar aðilinn boðið uppá sem falla undir undir kjarna-, kjörsviðs- eða valgreinar hjá hinum aðilanum?*
- *Samkomulag um hagnýtar upplýsingar varðandi tilhögun náms eða þjálfunar erlendis.*

Samkomulag í viljayfirlýsingu getur annað hvort verið fastmótað eða sett fram sem yfirmarkmið sem síðan eru skilgreind nánar í námssamningi. Innihald viljayfirlýsingar getur verið breytilegt allt eftir viðkomandi samstarfi hverju sinni. Hún getur verið stórt og mikið skjal með ítarlegum upplýsingum um samvinnu milli margra samstarfsaðila, samkomulag um eina ákveðna dvöl milli tveggja samstarfsaðila eða samkomulag um umfangsmeira samstarf milli þessara aðila. Samstarfsaðilarnir geta valið að nota ákveðið staðalform fyrir samkomulagið eða notast við fastmótað samkomulag í gegnum bréf eða tölvupóst. Mikilvægast er að samkomulagið sé skýrt og nákvæmt og að gagnkvæmt traust sé til staðar til að afrakstur námsins verði yfirfæranlegur og komist verði hjá tvöfaldri kennslu eða mati á hæfniviðmiðum.

Til að koma í veg fyrir misskilning er mikilvægt að vanda sérstaklega til við gerð viljayfirlýsingar.

Hér að neðan er dæmi um það hvernig tveir samstarfsaðilar hafa skilgreint námsþætti sem nemendur þeirra geta tekið annars staðar en í eigin heimalandi. Þetta er gert til að sýna fram á sameiginlega þætti í náminu og tryggja að nemandi læri þá en ekki síður til að skilgreina þá þætti sem eru ólíkir og að virðing verði borin fyrir þeim.

- *Samvinna milli skóla A og B*
- *Námsþætti sem einungis eru kenndir í skóla A er hægt að meta sem valfag í skóla B.*
- *Námsþætti sem eru sameiginlegir og sem hægt er að ná hæfni í á svipaðan hátt í hvoru landi fyrir sig og hægt að yfirfæra og gefa einingar fyrir.*
- *Námsþætti sem einungis eru kenndir í skóla B er hægt að meta sem valfag í skóla A.*

4.2. Námssamningur

Fyrir hverja ferð þarf að útbúa námssamning. Námssamningur er samkomulag um þjálfun eins eða fleiri nemenda. Undirritaður námssamningur er skjal sem lýsir og sannar almennt samvinnu milli tveggja samstarfsaðila.


Dæmi um það sem námssamningur nær yfir:

1. Hagnýtar upplýsingar um ákveðna ferð, þar má nefna tímabil og lengd dvalar og atriði er varða virkni og verkefni meðan á dvölinni stendur.
2. Lýsing á hæfniviðmiðum sem vænta má að nemandi ljúki með þátttöku í lærdómsferli. [Sjá leiðbeiningar um lýsingu á hæfniviðmiðum í kafla 5.](#)
3. Útskýringar á þeim viðmiðum sem lögð verða til grundvallar mati á hæfniviðmiðum nemenda og hvernig matið verður skráð.
4. Útskýringar á því hvernig heimaland nemandans mun viðurkenna og skrá hæfniviðmið og hugsanlega gefa einingar fyrir eins og fram kemur í starfsmenntavegabréfi. [Sjá lýsingu á starfsmenntavegabréfi í kafla 7.](#)

Skilgreining á viljayfirlýsingu hér að framan, lýsing á námssamningi og hæfniviðmiðum taka mið af því að tveir eða fleiri samstarfsaðilar geri með sér samstarfssamning varðandi nemendaskipti.

Tveir aðilar geta gert með sér samkomulag um ákveðin nemaskipti án þess að þeir hafi gildandi almennan samstarfssamning og án þess að til frekari samvinnu milli þeirra komi. Í tilfellum þar sem um einstakar ferðir er að ræða, er óþarfi að gera bæði námssamning og viljayfirlýsingu. Samstarfsaðilar geta í staðinn valið að útbúa eitt skjal þar sem fram kemur samkomulag þeirra á milli til að ferðin geti farið fram. Samkomulagið getur verið einfaldur tölvupóstur eða bréf þar sem samkomulagið er útlistað.

Á heimasíðum ECVET Toolkit eru góð dæmi sem gott er að skoða vel. <http://www.ecvet-toolkit.eu/>



5. Hæfniviðmið

5.1. Hvernig best er að lýsa ECVET hæfniviðmiðaeiningum?

Hæfniviðmið er það sem nemandinn veit, skilur og getur útfært að námi loknu. Smátt og smátt er verið að skilgreina allt nám í skólum hér á landi með hæfniviðmiðum. Í evrópsku samhengi eru hæfniviðmiðseiningar gefnar fyrir þekkingu, færni og hæfni. Til að hægt sé að nota ECVET einingar á alþjóðavísu eru þessi þrjú hugtök notuð til að tryggja samræmingu, til að sjá hvað liggur að baki og til að tryggja gagnsæi eininganna.

5.2. Skilgreining á hæfniviðmiðum

Þekking, færni og hæfni eru þau hugtök sem notuð eru til að skilgreina hæfniviðmið.

Þekking er það sem nemandinn veit eða skilur og er hægt að skipta í:

- A) Huglæga þekkingu (sem er þekking á einhverju, um eitthvað eða einhvern)
- B) Hagnýta þekkingu (sem er þekking og mótun á verkum, t.d. hvernig útfæra á verkefni)

Færni lýsir því sem nemendur geta gert og má skipta í:

- A) Vitsmunalega færni – t.d. að geta reiknað
- B) Hagnýta færni – t.d. að geta skrúfað, neglt eða saumað
- C) Færni í samskiptum – þ.e.a.s. að geta tjáð sig munnlega og skriflega.

Hæfni lýsir hæfileikum til að nota þekkingu og færni í tengslum við atvinnu. Ábyrgð og sjálfstæði eru mikilvæg hugtök. Hæfni felst í tvennu:

1. Í hvers konar vinnu eða námstengdu samhengi geta nemendur virkjað þekkingu og færni?
2. Samstarf og ábyrgð, þ.e.a.s. hversu vel viðkomandi getur tekið ábyrgð á eigin vinnu og annarra.

5.3 Evrópskur viðmiðarammi fyrir nám alla ævi (EQF)

Evrópski viðmiðaramminn fyrir nám alla ævi er kerfi sem notað er til að lýsa og bera saman hæfnistig milli þeirra Evrópulanda sem nota rammann. Ísland er eitt þeirra landa og hér hefur verið búinn til íslenskur viðmiðunarrammi og [skoða má hvernig hann passar við evrópska rammann á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins](#).

Evrópski viðmiðaramminn lýsir átta menntunarstigum og þeim hæfniviðmiðum sem eru lýsandi fyrir þau. Hæfniviðmið eru skilgreind sem sú þekking, færni og hæfni sem vænst er að sá sem lokið hefur námi hafi.

Í ECVET samstarfi er lærdómur einstaklingsbundinn og gert er samkomulag út frá námi hvers og eins. Munur getur verið á því á hvaða stigi menntun er í mismunandi löndum Evrópu. Þess vegna auðveldar það skilning á innihaldi náms að þekkja námið sem liggur að baki stiganna (EQF) í heimalandi samstarfsaðilans.

5.4. Mat

Eftir að samkomulag hefur náðst um námið er mikilvægt að erlendi samstarfsaðilinn meti afrakstur námsins (hæfniviðmiðin) til ECVET eininga þar sem það er hann sem skipuleggur ferlið og getur metið það sem nemandinn hefur lært (afrakstur námsins). Verkefni heimaskólans er síðan að skrá hæfniviðmið nemandans sem hluta af námi hans. Í sumum tilfellum er nóg að meta hvort nemandi hafi náð markmiðum sínum og skrá það en í öðrum getur verið um að ræða einkunn sem nemandi fær að námi loknu. Ef um er að ræða verknám erlendis er hægt að nýta ferilbók nemandans til að meta námið. Ljósmyndir, ferilbækur og annað slíkt getur auðveldað miðlun á náminu til heimaskólans.

5.5. Skráning

Í lok náms- og þjálfunarferða skráir móttökuaðilinn hæfniviðmið nemandans (e. Transcript of Record). Samstarfsaðilar koma sér saman um hvernig mati er háttað og það kemur fram í viljayfirlýsingunni. Þarna getur verið um að ræða stutta skráningu þar sem staðfest er að nemandi hafi náð settum markmiðum samkvæmt námssamningi eða það getur verið samkomulag að móttökuaðili geri lengra mat á hæfniviðmiðum nemandans.

Skráningin getur verið í formi texta í starfsmenntavegabréfi, einkunna eða á öðru formi, [sbr. kafla 6](#). Mikilvægast er að fyrirfram sé búið að gera samkomulag um skráningarformið og að heimaskólinn geti metið og yfirfært hæfniviðmiðin á námið þar.

6. Mat til eininga

Ekki hefur tekist að semja um eina allsherjarreglu sem gildir í allri Evrópu um hvernig meta skuli nám til eininga. Á Íslandi hefur t.d. ekki verið ákveðið nákvæmlega hvernig nám verður metið til ECVET eininga. Algeng regla er að eitt ársverk svari til 60 eininga og verknám og bóknám/skólatími eru talin eins. Ekki hafa öll lönd í Evrópu komið sér saman um þessa mælieiningu og þess vegna getur verið þörf á því að þeir sem taka á móti erlendum nemum geti metið hversu margra ECVET eininga ferlið svarar til. ECVET einingar segja til um hversu löngu námi hefur verið lokið en segja ekki til um lokaekinn nemenda. Einkunnir nemanda sem lokið hafa jafnmörgum ECVET einingum geta því verið mismunandi.

Eitt ársverk í skóla er 40 námsvikur og hver vika gefur 1,5 einingu, þó þannig að ekki er hægt að fá meira en 60 einingar á ári. Skóla- og verknámsvikur teljast jafnlangar. Miðað er við þá lengd sem kemur fram í námssamningunum.

Samningsbundið starfsnám er hægt að meta á sama hátt, þ.e.a.s að fjöldi ECVET eininga miðist við lengd starfsnámsins. Þá er miðað við að heilt ársverk sé 40 vikur og það gefi 60 einingar.

Ísland á eftir að marka sér stefnu í þessum málum, ekki hefur enn verið ákveðið hvernig nám verður metið til ECVET eininga.

7. Europass starfsmenntavegabréf

Í mörg ár hefur tíðkast að nota Europass starfsmenntavegabréf til að staðfesta náms- og þjálfunarferðir milli landa Evrópu. Notkun starfsmenntavegabréfa er óháð því hvort ECVET einingar eru notaðar til að staðfesta og meta nám.

Europass starfsmenntavegabréfið er persónulegt skírteini nemandans þar sem fram koma upplýsingar um lengd dvalar og faglegan ávinning hans af námi og starfsþjálfun. Til að fullgilda skírteinið þarf það að vera undirritað af móttökuaðila, heimaskóla/fyrirtæki og nemandanum sjálfum. Skírteinið er ekki prófskírteini heldur er þetta skjal sem lýsir því hvar, hvenær og hvernig nemandinn lauk námi eða starfsþjálfun með dvöl erlendis.

Á vef Europass (europass.is/starfsmenntavegabref/) er að finna nánari upplýsingar um starfsmenntavegabréf og notkun þeirra.

